

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefnadasvið@althingi.is

Reykjavík, 21. apríl 2021.

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030. 151. Löggjafarþing 2020/2021. Þingskjal 1108 – 645. mál. Stjórnartillaga.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar tækifærið til að gera umsögn um tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030. Félagið tekur undir þau leiðarljós sem koma fram um að heilsuefning og forvarnir verði hluti af allri þjónustu innan heilbrigðiskerfisins. Einnig er tekið undir þá framtíðarsýn sem kemur fram um að lýðheilsustarf verði markvisst og einkennist af þverfaglegu samstarfi heilbrigðisþjónustu og annarra hagaðila auk þess að vera metið með því að mæla gæði, öryggi ofl. Þá styður félagið þá nálgun að tengja lýðheilsustefnu við megin stoðir heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 og að lýðheilsustaf á Ísland skuli hafa jafnrétti og jöfnuð að leiðarljósi.

Félagsráðgjafafélag Íslands vill vekja athygli á því að félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda. Þeir búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Félagsráðgjafar eru lykilstarfsmenn þegar kemur að starfi með einstaklingum sem glíma við fátækt, fíknisjúkdóma og félagslegan vanda auk barnaverndarmála. Félagsráðgjafar hafa mikla þekkingu og reynslu af stöðu málefna fatlaðs fólks á Íslandi, í málefnum aldraðra, flóttamanna og annarra innflytjenda. Þeir hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi. Þannig má ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Félagsráðgjafar starfa á Landspítala og öðrum heilbrigðisstofnunum, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Tryggingastofnun ríkisins, Barnaverndarstofu og fleiri stofnunum ríkisins, auk grunn- og framhaldskóla. Síðast en ekki síst starfa félagsráðgjafar í félagsþjónustu sveitarfélaga, við barnavernd, almenna félagsþjónustu í málefnum flóttamanna og annarra innflytjenda, málefnum aldraðra og fatlaðra. Nám félagsráðgjafa er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti. Margir félagsráðgjafar hafa

sérhæft sig í meðferð, svo sem fjölskyldumeðferð og áfallameðferð og veita samtalsmeðferð við andlegri vanlíðan á einkareknum meðferðarstofum.

Í þingsályktunartillögunni koma fram áform um að efla þverfaglega heilsueflandi móttöku innan heilsugæslu fyrir alla aldurshópa og að tryggja jafnt aðgengi allra að slíkri þjónustu. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að auka þurfi þátttöku ýmissa stétta innan heilsugæslunnar í þágu lýðheilustarfs og taldar upp nokkrar fagstéttir. Félagsráðgjafafélag Íslands gerir athugasemdir við að félagsráðgjafar séu ekki meðal þeirra stétta sem nefndar eru sérstaklega en það er til þess fallið að hafa áhrif á framkvæmd og útfærslu stefnunnar. Félagið hefur um árabil bent á mikilvægi þess að félagsráðgjafar starfi innan heilsugæslunnar vegna sérþekkingar þeirra í því að efla félagslega heilsu og vinna með streitu og áföllum. Vert er að hafa í huga að félagsleg heilsa hefur úrslita áhrif á lífskjör einstaklinga og aukin aðgangur að þjónustu félagsráðgjafa til þess fallin að fyrirbyggja frekari vanda.

Við mótun lýðheilsustefnu er mikilvægt að hafa alþjóðasamninga um réttindi barnsins og um réttindi fatlaðs fólks að leiðarljósi. Einnig er mikilvægt að hafa að leiðarljósi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Meðal markmiða er að útrýma ofbeldi gagnvart konum, efla forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, útrýma sárafátækt og að fátækum fækki um helming til ársins 2030 auk þess að stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar ásamt því að tryggja félagslegt öryggi allra. Markmiðin ganga út á það að búa til betri heim fyrir alla og þurfa allir að taka þátt ekki síst stjórnvöld og sveitarfélög.

Félagsráðgjafafélag Íslands er reiðubúið að fylgja þessari umsögn eftir sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður